



# Áveitan

8. tbl. 16. árgangur. Ágúst 2022

## Frá Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps

Skógræktarfélag Villingaholtshrepps býður í grill í Skagási fimmtudaginn 18. ágúst kl. 19:00

Tilfnið er 70 ára afmæli félagsins árið 2021 en aðstæður buðu ekki upp á að haldið yrði upp á það þá. Allir eru velkomnir að koma og fagna með okkur í fallega skógarreitinum okkar.

Boðið verður upp á grillaðar pylsur og drykki.

Þriðjudagskvöldið á undan, þann 16. ágúst kl. 19:30 er stefnan sett á að vera með vinnukvöld í Skagási. Markmiðið er að halda áfram að merkja stíga um svæðið, hreinsa og taka til og fleira sem til fellur.

Allir velkomnir.

Stjórnin



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is  
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@floaskoli.is

845-9719  
865-5692

Kæru íbúar Flóahrepps og aðrir lesendur.

Undirrituð tók við sem sveitarstjóri Flóahrepps þann 15. júlí síðastliðinn af Eydísi Indriðadóttur sem starfað hefur sem sveitarstjóri Flóahrepps frá árinu 2014.

Sveitarstjórn kvaddi Eydísi á síðasta sveitarstjórnarfundum hennar þann 5. júlí síðastliðinn og færði henni þakklætisvott fyrir hennar vinnuframlag til sveitarfélagsins.



Í ágústbyrjun fer allt á fullt skrið eftir sumarfrí. Skrifstofa Flóahrepps hefur opnað aftur eftir sumarleyfi og starfsmenn og nemendur leikskólans Krakkaborgar eru komnir aftur til starfa. Vinnuskólinn kláraði sín störf þann 21. júlí og er þeim hér með þakkað fyrir þeirra störf við að fegra umhverfið okkar. Flokkstjórar starfa áfram fram í ágúst og sinna slætti og öðrum tilfallandi verkefnum. Starfsmenn og nemendur Flóaskóla mæta svo til starfa síðar í ágúst en skólasetning Flóaskóla verður þann 22. ágúst.

Í leikskólanum Krakkaborg hafa í fyrsta skipti skapast þær aðstæður ekki er unnt að taka á móti nemendum í aðlögun á yngstu deild vegna skorts á starfsmönnum. Það er ljóst að leikskólar og aðrar stofnanir um allt land finna fyrir þeirri uppsveiflu í samfélaginu sem skapast samhliða auknum ferðamannastraumi til landsins og baráttan um starfsmenn verður meiri. *Ég vil hvetja íbúa til þess að horfa í kringum sig og hvetja fólk til að sækja um vinnu í leikskólanum svo að við getum haldið áfram að veita góða þjónustu með því að taka á móti nemendum strax eftir að fæðingarorlofi lýkur. Leikskólinn Krakkaborg hefur ótal kosti og innan veggja skólans fer fram faglegt og gott starf við góðar aðstæður.*

Niðurrif á elsta hluta húsnaðis við Flóaskóla (byggt 1946) hefur farið fram í lok júlí og byrjun ágúst og hefur það gengið að mestu samkvæmt áætlun. Tímabundið starfsleyfi vegna niðurriffs frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands er í gildi til 15. ágúst 2022. Ástæða

niðurrifs á þessum hluta skólans er sú að miklar skemmdir höfðu orðið á húsinu vegna viðvarandi raka. Rakauppspretta er í kjallara og í gegnum botnplötu. Húsnæðið hefur ekki verið í notkun frá því verkfræðistofan Efla gerði skoðun á húsinu í desember 2018 eftir að bera fór á auknum veikindum og ofnæmiseinkennum hjá starfsmönnum. Gerð var ítarleg úttekt á húsnæðinu og í kjölfarið gert kostnaðarmat varðandi lagfæringar. Í ljós kom að um umfangsmiklar og kostnaðarsamar aðgerðir væri að ræða til að koma húsinu í lag og ekki öruggt að aðgerðir myndu duga til að losna við raka úr kjallara og botnplötu. Starfandi sveitarstjórn á þeim tíma tók ákvörðun um að byggingin yrði ekki nýtt áfram vegna mikils kostnaðar og óvissu við árangur lagfæringar og að sumarið 2022 yrði nýtt í að fara í niðurrif á húsnæðinu. Að auki þarf að horfa á þá staðreynd að um óhentugt húsnæði er að ræða fyrir skólastarfsemi sem þarf að standast lög og reglugerðir um aðbúnað. Í kjölfarið var farið í vinnu við þarfagreiningu og útfærslu á fyrirkomulagi á lóð Flóaskóla og var sú vinna kynnt á íbúafundi í febrúar 2022. Sveitarstjórn samþykkti svo nýtt deiliskipulag fyrir Flóaskóla og Þjórsárver eftir kynningu á fundi sínum þann 5. júlí síðastliðinn. Á meðfylgjandi mynd má sjá teikningu úr þarfagreiningu og útfærslu sem Efla vann veturinn 2021-2022. Um er að ræða hugmyndir og þarfagreiningu en engin hönnunarvinna hefur farið fram vegna viðbyggingar við skólann.



Flóahreppur sótti um styrk hjá Orkusjóði vegna uppsetningu á hleðslustöðvum í sveitarfélaginu og fékk úthlutun upp á 3,5 milljónir króna. Er þetta mjög ánægjulegt og hjálpar til við fyrstu skrefin í orkuskiptum í samgöngum. Næstu skref eru að fá tilboð í búnað og uppsetningu og að finna hleðslustöðvunum hentugan stað í sveitarfélaginu.

NOVA vinnur að uppsetningu á fjarskiptamastri á Villingaholti sem kemur í stað þess sem stóð á þaki gamla skólans. Á meðan mastrið er ekki risið notast þeir við fjarskiptakerru til að þjónusta raskist sem minnst við notendur.

Félagsheimilin hafa verið nokkuð vel nýtt í sumar og þau verið leigð út fyrir veislur og ættarmót. Það er ljóst að margir höfðu beðið eftir því að geta haldið fjölmenn samkvæmi eftir takmarkanir síðustu ára.

Mikilvægt er að Flóahreppur komi félagsheimilunum í góða nýtingu og fái tekjur af þeim til að standa undir þeim kostnaði sem hlýst af fasteignum sem þessum. Félagshimilin eru vel staðsett og í þeim er góð aðstaða en þeim þarf að einnig að viðhalda vel.

Bestu kveðjur frá skrifstofu Flóahrepps  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

## **Vel heppnuðu unglíngalandsmóti lokið**

Unglíngalandsmótið á Selfossi var afar vel heppnað og gleðin og ungmennafélagsandin var svo sannarlega við völd. Veðrið lék við gesti og íþróttasvæðið á Selfossi iðaði af lífi alla helgina.

Það voru um 15 krakkar úr Flóahreppi sem tóku þátt í alls konar greinum á mótinu. Árangurinn var alveg frábær, og voru margir sem komust á verðlaunapall, t.d. í glímu, skák, hlaupaskotfimi, frjálsum íþróttum, fótbolta, körfubolta og fleiru.

Fyrir yngri krakka var líka nóg um að vera, barnadagskrá á laugardeginum, og risastór leikjagarður var inni í nýju Selfosshöllinni alla dagana, með hoppuköstulum, og alls konar afþreyingu.

Til að framkvæma svona mót þarf að sjálfsögðu fjölmargt fólk til starfa, og voru um 15 sjálfboðaliðar sem komu að mótinu frá Umf. Þjótanda, vel gert öll!

Næsta unglíngalandsmót verður á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2023. Vonandi fjölmenna fjölskyldur úr Flóahreppi á það mót og skemmta sér saman á heilsueflandi hátt.

## Myndir frá Unglingalandsmóti



# RORUM

Rannsóknir og ráðgjöf  
í umhverfis-  
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

**Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is**

## Útivistarverkefni Umf Þjótanda Sá ég spóa - 2022

Útivistarverkefnið er í fullum gangi og hefur nokkur fjöldi nú þegar skrifað í gestabækurnar. Verkefnið verður í gangi út ágústmánuð. Dregið verður um vinningshafa að kvöldi miðvikudagsins 31. ágúst.

Athugið að einungis þeir sem skrifa í allar gestabækurnar komast í pottinn.

Veglegir vinningar eru í boði, sjá nánar á næstu blaðsíðu.





# Sá ég spóa

2022



## Vinningarnir í ár eru:



### Vinningur nr. 1.

Sögu- og matarferð um Selfoss. Gildir fyrir fjölskyldu og inniheldur bæði mat og drykk ásamt leiðsögn.

[www.selfosstowntours.is](http://www.selfosstowntours.is)

Gefendur Tómas Þóroddsson í Skógsnesi og Helga Gísladóttir landeigandi í Skógsnesi.



### Vinningur nr. 2.

Veiðileyfi 1 dag í Hvítá við Hallanda. [www.hallandi.com](http://www.hallandi.com)

Gefendur Magnús St. Magnússon og Ingunn Jónsdóttir í Hallanda.



Þeir sem skrifa í allar gestabækurnar 5 komast í pottinn.  
Nánari upplýsingar um gönguleiðirnar eru í júlíblaði Áveitunnar  
og á Facebook-síðu Umf. Þjótanda.

## Gönguleið nr 1. Skógræktin í Hnausi

Ekið er upp afleggjarann að Hnausi áleiðis að 360° Hótelu. Ekið er framhjá afleggjaranum að Hnausbænum, haldið áfram upp brekkuna, og bílnum er lagt þar sem vegurinn beygir til hægri upp að hótelinu. Gengið er neðan við skóginn, eftir slóða sem beygir síðan til hægri og upp að hliði sem er á mörkum Hnauss og Neistastaða. Þar er póstkassi og gestabók. Síðan er gengið meðfram girðingunni til baka og niður á veg við hótelið.

Eftir veginum kemst maður aftur niður á bílastæðið. Þessi hringur er um 1,4 km, en ef fólk vill ganga meira eru í skóginum einnig margar gönguleiðir sem hægt er að kanna. Byrjað var að planta trjám í Hnausi í kringum 1980 og hefur skógurinn þar stækkað stöðugt síðan og er afar fallegur.



## Gönguleið nr. 2 Klofsteinn við Skagás.

Ekið er eftir Villingaholtsvegi og bílnum er lagt við afleggjarann að skógræktinni í Skagás. Ekki er farið inn á skógarstíginn, heldur er farið gegnum járnhliðið til hægri, inn í hrossagirðinguna. Passið að loka hliðinu vel. Gengið er



meðfram girðingunni, með skógræktina á vinstri hönd, alveg þar til komið er út á horn á skógræktargirðingunni. Þaðan sést í Klofsteininn og póstkassinn. Eftir að búíð er að skrifa í gestabókina getur fólk valið um að klifra yfir girðinguna inn í skógræktina, eða ganga sömu leið til baka. Gangan er um 1 km hvora leið.

Steinninn var hornmark milli fjögurra jarða, Yrpuholts, Önundarholts, Vælugerðis og Hurðarbaks. Er hans t.d. getið í jarðabréfum frá 1885. Núna er steinninn hornmark fyrir Dalsmynni og Vælugerðiskot en hliðarmark fyrir Lynghot/Ástún. Steinninn var áður mun veglegri en hann er nú.

Hornmörk sem þessi eru mjög verðmæt vegna þess að þeim er nánast ómögulegt að beyta og enginn efast um að þau séu á réttum stað.

### **Gönguleið nr 3. Þjórsárós við Fljótshóla**

Þjórsá rennur úti sjó í landi Fljótshóla eftir að hafa runnið 230 km frá upptökum sínum. Svæði þetta heitir Þjórsárós. Keyrð er heimreiðin að Fljótshólum. Rétt áður en komið er að húsunum er beygt til hægri á moldarslóða. Hann er keyrður þangað til þið sjáið lítinn staur með bláu

P á. Þar er bílnum lagt. Ef horft er til Vestmannaeyja ætti póstkassinn að bera við himinn upp á sandöldu. Gangan er um 700 m löng hvora leið. Ekki er mælt með að fara á mjög lágum bíl og ekki keyra lengra en staurinn sem er merktur með P.



## Gönguleið nr 4. Flóaleiðin við Vola

Bílnum er lagt við Villingaholtsveg þar sem hann beygir að veiðihúsinu við Vola. Tilvalið er að hefja gönguna á því að skoða minnismarkið um

Freystein Gunnarsson sem er þar rétt hjá. Því næst er gengið sem leið liggur að Volalæknum og yfir á gömlu brúnni. Opna þarf járnhlið til að komast út á reiðveginn, sem tekur svo beina stefnu til vesturs.

Munið að loka hliðinu.

Gengið er eftir reiðveginum, ekki er líklegt að villast því rafmagnsgirðing er á vinstri hönd, og djúpur skurður á þá hægri. Mikið fuglalíf er á svæðinu sem

gaman er að gefa gaum. Gengið er þar til komið er að póstkassanum og þá snúið við. Gangan er 1,2 km hvora leið.



Flóaleiðin svokölluð var gerð fyrir nokkrum árum af Hestamannafélaginu Sleipni, undir öflugri stjórn Einars Hermundssonar formanns reiðveganefndar. Leiðin liggum á mörkum jarða og að stórum hluta meðfram áveituskurðum Flóaáveitunnar (Selfosslínu og Kaldaðaneslínu). Þessi leið var gerð með það í huga að hestamenn gætu komist milli staða utan stöðugar bílaumferðar. Vegurinn endar út á Gaulverjabæjarvegi rétt neðan við bæinn í Glóru.

## Gönguleið nr. 5. Þjórsáreyrar í landi Ferjunes.

Keyrt er niður á eyrarnar í beygjunni fyrir neðan Ferjunes. Keyrt áleiðis um 50 metra þar til að vegurinn tvístrast, þar er hægt að leggja bílnum. Haldið er í suður, en skammt frá bílastæðinu tvístrast vegurinn aftur, gengið er til hægri slóðann niður með ánni.

Gangan að póstkassanum er um 1 km. Búið er að koma þar fyrir bekk svo upplagt er að hafa með sér nesti. Ekki er ráðlagt að vaða í ánni þar sem hún dýpkar hratt. Hinum

megin við ánnu má virða fyrir sér Ferjuhamarinn þar sem Sandhólaferja var, en hún er talin elsta lögferja landsins.



**HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG**  
**Flóahreppur**

vellíðan fyrir alla

## Sumaræfingar og leikjakvöld Umf Þjótanda

Síðasta sumaræfingin verður miðvikudagskvöldið 10. ágúst. Sem fyrr eru allir krakkar á aldrinum 7-13 ára velkomnir, æfingin verður á íþróttasvæðinu við Flóaskóla milli kl 20-21. Þjálfarar eru Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Einar Skeggjason.

Síðasta leikjakvöldið verður fimmtudagskvöldið 11. ágúst frá kl 20-22. Staðsetning verður auglýst á facebooksíðunni „Leikjakvöld Þjótanda“. Stjórnandi er Guðmunda Bríet Steindórsdóttir.

Sjáumst sem flest.

## Dagskrá mánaðarins

Sumaræfing fyrir 7-13 ára	3. ágúst
Leikjakvöld fyrir unglinga	4. ágúst
Sumaræfing fyrir 7-13 ára	10. ágúst
Leikjakvöld fyrir unglinga	11. ágúst
Vinnukvöld í Skagás	16. ágúst
70 ára afmæli Skógræktarfélagins	18. ágúst
Skólasetning Flóaskóla	22. ágúst
Útivistarverkefni Sá ég spóa lýkur	31. ágúst

